

# Ársskýrsla og staðtölur Tryggingastofnunar **2009**



**Útgefandi:**

Tryggingastofnun ríkisins  
Fjármála- og rekstrarsvið

**Ábyrgðarmaður:**

Sigríður Lilly Baldursdóttir

**Unnið af:**

*Fjármála- og rekstrarsvið*  
Ástu Rósu Magnúsdóttur  
Guðmundi Hjaltalín  
Jóni Grétari Magnússyni  
Valgerði Marinósdóttur

*Réttindasvið*  
Sólveigu Hjaltadóttur  
Sverri Óskarssyni

*Alþjóða- og stjórnsýslusvið*  
Rögnu Haraldsdóttur  
Halldóru Jóhannesdóttur

*Þjónustu- og kynningarsvið*  
Ástu J. Arnardóttur  
Hildi B. Hafstein  
Þorgerði Ragnarsdóttur

**Útlit, umbrot:**

Tryggingastofnun / Prentheimar

**Hönnun:**

Gunnar Kristinsson (kápa)  
Ímyndunarafli ehf.

**Prentun:**

Prentheimar  
Hvaleyrarbraut 39, Hafnarfirði  
Upplag: 700 eintök

**Netútgáfa á heimasíðu:**

[www.tr.is](http://www.tr.is)

Öll réttindi áskilin. Heimilt er að afrita tölfræðiheftið að hluta eða í heild og birta enda sé heimildar ávallt getið.



**ÁRSSKÝRSLA  
OG STAÐTÖLUR  
TRYGGINGASTOFNUNAR  
2009**

## Merking tákna

- núll, þ.e. ekkert
- 0 talan er minni en helmingur þeirrar einingar sem notuð er
- . tala á ekki við eðli máls samkvæmt
- ... upplýsingar vantar eða niðurstaða ekki nærtæk

**Efnisyfirlit**

	Bl.
Aðfaraorð forstjóra . . . . .	4
Hlutverk, stefna og skipulag Tryggingastofnunar . . . . .	6
Rekstur Tryggingastofnunar 2009 . . . . .	10
Viðfangsefni Tryggingastofnunar . . . . .	12
Annáll 2009 - breytingar á lögum, reglugerðum og reglum sem áhrif hafa á starfsemi Tryggingastofnunar . . . . .	14

**Lífeyristryggingar**

Tafla 1.1	Viðskiptavinir lífeyristrygginga og íbúafjöldi 1992-2009 . . . . .	18
Tafla 1.2	Útgjöld lífeyristrygginga, félagsleg aðstoð og greiðslur til foreldra 1994-2009 . . . . .	19
Tafla 1.3	Lífeyrisþegar, greiðslur lífeyristrygginga, félagsleg aðstoð og greiðslur til foreldra 2005-2009. . . . .	20
Tafla 1.4	Greiðslur lífeyristrygginga, félagsleg aðstoð og greiðslur til foreldra eftir kyni 2009. . . . .	22
Tafla 1.5	Óskertar mánaðargreiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar og félagslega aðstoð 2007-2009 . . . . .	24
Tafla 1.6	Óskertar ársgreiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar og félagslega aðstoð 2007-2009 . . . . .	24
Tafla 1.7	Aldurstengd örorkuuppþót 2008-2009, mánaðargreiðslur . . . . .	25
Tafla 1.8	Greiðslutegundir - skerðingar vegna tekna 2009 . . . . .	26
Tafla 1.9	Bætur almannatrygginga, óskertar mánaðargreiðslur til ellilífeyrisþega, einhleypings 1998-2009 . . . . .	27
Tafla 1.10	Bætur almannatrygginga, óskertar mánaðargreiðslur til ellilífeyrisþega, í hjónabandi/sambúð 2002-2009 . . . . .	28
Tafla 1.11	Bætur almannatrygginga, óskertar mánaðargreiðslur til öryrkja, einhleypings 1998-2009. . . . .	29
Tafla 1.12	Bætur almannatrygginga, óskertar mánaðargreiðslur til öryrkja, í hjónabandi/sambúð 2002-2009 . . . . .	30
Tafla 1.13	Fjöldi lífeyrisþega með óskertar greiðslur í hlutfalli af heildarfjölda lífeyrisþega í hverjum flokki 2007-2009 . . . . .	31
Tafla 1.14	Fjöldi lífeyrisþega með óskertan lífeyri og tengdar greiðslur 2009 . . . . .	32
Tafla 1.15	Fjöldi lífeyrisþega, sundurliðað eftir fjárhæðum mánaðargreiðslna 2009. . . . .	33
Tafla 1.16	Óskertar mánaðargreiðslur ellilífeyrisþega og lágmarkslaun 1990-2009 . . . . .	34
Tafla 1.17	Fjöldi ellilífeyrisþega og hlutfall þeirra af íbúafjölda 67 ára og eldri 2001-2009 . . . . .	36
Tafla 1.18	Ellilífeyrisþegar og vistrými fyrir aldraða eftir landshlutum 2009. . . . .	37
Tafla 1.19	Greiðslur lífeyristrygginga í hlutfalli af landsframleiðslu 2005-2009. . . . .	39
Tafla 1.20	Fjöldi örorkulífeyris-, endurhæfingarlífeyris- og örorkustyrkþega 1990-2009 . . . . .	40
Tafla 1.21	Örorkulífeyrisþegar, skipting eftir kyni og aldursbili 2009 . . . . .	42
Tafla 1.22	Örorkulífeyrisþegar flokkaðir eftir landshlutum og kyni 2009. . . . .	42
Tafla 1.23	Yfirlit yfir fjölda barna með umönnunarmat í desember 2005-2009 . . . . .	43
Tafla 1.24	Áhrif lífeyrissjóðstekna á greiðslur til lífeyrisþega, einhleypings, í nóvember 2009. . . . .	45
Tafla 1.25	Áhrif atvinnutekna á greiðslur til lífeyrisþega, einhleypings, í nóvember 2009 . . . . .	47
Tafla 1.26	Lífeyrisþegar og greiðslur lífeyristrygginga eftir búsetulöndum 2005-2009 . . . . .	49
Umboð almannatrygginga 2009 . . . . .	51	

**Ársreikningar 2009**

Tryggingastofnun ríkisins . . . . .	53
Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð . . . . .	67
Lífeyristryggingar . . . . .	81
Eftirlaunasjóður aldraða . . . . .	95
Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna . . . . .	107

## Aðfaraorð forstjóra

Þá er enn eitt viðburðaríkt ár að baki í starfsemi Tryggingastofnunar.

Á undanförunum árum hafa átt sér stað verulegar breytingar á almannatryggingalöggjöfinni og lögum um félagslega aðstoð og hefur Tryggingastofnun jafnframt verið falið að taka að sér framkvæmd nýrrar löggjafar um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna og laga um réttindi lífandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar. Samhliða hafa verið gerðar úrbætur á framkvæmd stofnunarinnar við ákvörðun réttinda, greiðslu bóta og eftirlit með starfsemi. Þjónustuleiðum við almenning og viðskiptavinum hefur verið fjölgað, samskipti við aðrar stjórnarsýslustofnanir verið eflað og innri starfsemi stofnunarinnar breytt til að bæta virkni hennar. Sífelld er leitað nýrra leiða til þess að bæta starfseminni og tryggja að allir njóti þeirra réttinda sem löggjafinn ákveður hverju sinni.

Árið 2008 voru gerðar umfangsmiklar breytingar á réttindakerfi lífeyristrygginga sem leiddu til tæplega 20% heildarhækkunar lífeyrisgreiðslna. Þessar breytingar áttu að verða undanfari heildarendurskoðunar lífeyristryggingakerfisins. Takturinn var sleginn með hækkunum frítekjumörkum og afnámi makatenginga, en jafnframt voru áhrif tekna á grunnlífeyri minnkuð og komið á frítekjumark vegna lífeyrissjóðstekna. Unnið var að enn frekari breytingum á lífeyriskerfinu sem reiknað var með að myndu leiða til einhvers viðbótarkostnaðar. Þau áform breyttust því miður nokkuð undir lok þess árs og á árinu 2009 var tekið til við að draga úr kostnaði í lífeyriskerfinu. Frítekjumark vegna atvinnutekna var lækkað og svokölluð 60% regla afnumin. Lífeyrissjóðstekjur umfram 120.000 kr. frítekjumark á ári hafa nú áhrif á grunnlífeyri með sama hætti og aðrar tekjur. Áhrif tekna á tekjutryggingu voru aukin og fjármagnstekjur umfram tæplega 100.000 kr. á ári eru reiknaðar að fullu til tekna. Til þess að verja sérstaklega þau sem minnstar tekjur hafa var sérstök uppbot til framfærslu, lágmarksframfærslutryggingin, hækkuð um 20%. Samtals leiddu þessar breytingar til um 5% lækkunar kostnaðar í lífeyriskerfinu.

Samanlagðar breytingar á útgreiðslum úr lífeyriskerfinu eru þannig tæplega 15% heildarhækkun lífeyris almannatrygginga frá árinu 2007. Því hljótum við að fagna þó enn hafi ekki tekist að einfalda kerfið og gera lífeyrisþegunum það léttara að njóta réttinda sinna.

Miklar tengingar við samtímatekjur gera kerfið viðbragðshratt til jöfnuðar þegar tekjur hækka eða lækka. En tekjutengingarnar gera miklar og e.t.v. óraunhæfar kröfur til lífeyrisþega um að gera réttar tekjuáætlanir ár fram í tímann, fylgjast grannt með öllum breytingum á tekjum og aðstæðum og gera Tryggingastofnun grein fyrir þeim svo leiðréttu megi greiðslur jafnóðum. Þá liggur það fyrir að þó vel sé fylgst með breytingum á tekjum er erfitt að koma í veg fyrir of- eða vangreiðslur lífeyris því fjármagnstekjur liggja t.d. yfirleitt ekki fyrir fyrr en að árinu liðnu.

Lífeyriskerfið er misjafnlega kvíkt gagnvart ólíkum tekjuflokkum. Lágmarksframfærslutryggingin breytist t.d. við allar tekjubreytingar sem þeim nemur að fullu. Aðrir bótaflokkar hækka eða lækka um hluta tekjubreytinganna eftir að frítekjumark er náð, mismikið eftir bótaflokkum og frítekjumörk tekna eru mismunandi eftir tekjutegundum.

Færa má gild rök fyrir öllum þessum afbrigðum í réttindakerfinu, en einnig má færa góð og



gild rök fyrir því að meðhöndla þar allar tekjur með sama hætti. Þegar upp er staðið eru tekjurnar nefnilega allar jafngildar til framfærslu sama hvaða nafni þær nefnast.

Mikilvægt er að leita allra leiða til þess að tryggja betur réttar greiðslur bóta, gera lífeyrisþegnum auðveldara fyrir og minnka vægi endurreiknings og endurkrafna í réttindakerfinu. Þá er mikilvægt að koma framkvæmd og samspili lífeyrissjóðsgreiðslna og lífeyrisgreiðslna í það form að lífeyrisþeginn fái góða og örugga afgreiðslu sinna mála.

Tryggingastofnun hefur alla tíð átt mjög gott samstarf við félags- og tryggingamálaráðherra og væntir mikils af þeirri vinnu sem nú á sér stað við endurskoðun almannatryggingalaganna.

Á undanförunum árum hefur mikið verið rætt og ritað um einföldun stjórnsýslunnar og vissulega hefur ýmsu verið hreyft til þess að gera borgaranum léttara að eiga sín samskipti við stofnanirnar, fá upplýsingar og leita réttar síns. Það hefur því valdið mér nokkrum vonbrigðum að horfa upp á aðgerðir sem ganga í öndverða átt – til flóknari stjórnsýslu. Sérstaklega á þessum tímum þegar gæta þarf aðhalds og hagræða í rekstri stofnana, en það er nú svo ágætt að slíkar hagræðingar haldast oftast í hendur við einföldun stjórnsýslunnar og betri aðgengi borgaranna að opinberri þjónustu. Mennta eiga ekki að þurfa að vera sérfræðingar í stofnanakerfi stjórnsýslunnar til þess að fá þá þjónustu sem þeir eiga rétt á. Það er okkar hlutverk sem störfum í stjórnsýslunni og löggjafans að tryggja gott og einfalt aðgengi að réttindunum og sjá til þess að þeir njóti sem réttinn eiga lögum samkvæmt. Hjá fámennri, menntaðri og nokkuð einsleitri þjóð á að vera auðvelt að leysa þetta verk vel af hendi.

Í þessari ársskýrslu og staðtölum Tryggingastofnunar eru upplýsingar um rekstur stofnunarinnar og greiðslu bóta árið 2009. Gætir þar margra grasa.

Ljóst er af lestri ársskýrslunnar að rekstur stofnunarinnar gengur vel þrátt fyrir verulegar hagræðingarkröfur, fyrst við flutning sjúkratrygginga til Sjúkratrygginga Íslands árið 2008 og aftur árið 2009 vegna þrenginga í ríkisrekstrinum. Þessi góði árangur í rekstrinum er tilkominn vegna samstillts átaks allra starfsmanna undir stjórn öflugrar framkvæmdastjórnar. Framkvæmdastjórnin er skipuð eftirfarandi framkvæmdastjórum starfssviða: Rögnu Haraldsdóttur, Alþjóða- og stjórnsýslusviði, Runólfi Birgi Leifssyni, Fjármála- og rekstrarsviði, Sólveigu Hjaltadóttur, Réttindasviði, Hermanni Ólasyni, Upplýsingatæknisviði og Þorgerði Ragnarsdóttur, Þjónustu- og kynningarsviði. Þau fara fyrir hópi metnaðarfullra og hæfileikaríkra starfsmanna, við rekstur stofnunarinnar og þakka ég þeim ásamt Gunnari Andersen sem var framkvæmdastjóri Próunar- og greiningarsviðs fram á mitt ár 2009, fyrir þeirra forystu í vandasömum verkefnum.

Tryggingastofnun er góður vinnustaður þar sem starfsandinn fer sífellt batnandi og umfjöllun um stofnunina er jákvæðari en hún hefur verið um árabíl. Þetta sýna mælingar sem gerðar eru reglubundið. Snemma árs 2009 settu starfsmenn stofnunarinnar henni gildi sem við höfum kappkostað að gera að einkunnarorðum okkar í öllum okkar verkum. Við leggjum áherslu á TRAUST – Að vera fagleg og áreiðanleg í störfum okkar, SAMVINNU – Að vinna saman að því að mæta ólíkum þörfum viðskiptavina og METNAÐ – Að sýna frumkvæði og beina kröftum okkar og þekkingu að því að gera sífellt betur. Þannig ætlum við að verða best allra þjónustustofnana á velferðarsviði.



## Hlutverk, stefna og skipulag Tryggingastofnunar

Tryggingastofnun starfar samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 og lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007 þar sem kveðið er á um hlutverk hennar og verksvið. Tryggingastofnun heyrir undir félags- og tryggingamálaráðuneytið og er ein stærsta þjónustustofnun landsins. Stofnunin setur ekki lög eða reglugerðir og ákvarðar ekki fjárhæðir bóta.

Frá 1. janúar 2008 heyrir TR undir félags- og tryggingamálaráðuneyti. Sigríður Lilly Baldursdóttir var skipuð forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins 6. febrúar 2008. Hún hafði áður verið starfandi forstjóri stofnunarinnar frá 1. nóvember 2007.

Hlutverk stjórnar Tryggingastofnunar er skilgreint þannig að hún staðfesti skipulag stofnunarinnar, árlega starfs- og fjárhagsáætlun og marki langtímastefnu. Þá ber stjórn að hafa eftirlit með starfseminni og gæta þess að rekstur sé innan ramma fjárlaga hverju sinni.

Úrskurðarnefnd almannatrygginga tók til starfa 1. júlí 1999. Kærumál vegna afgreiðslu Tryggingastofnunar koma til úrskurðar hjá nefndinni en í henni eru þrír menn skipaðir til sex ára í senn, tveir lögfræðingar og einn læknir.

Tryggingastofnun sér um ýmsa þjónustu fyrir Sjúkratryggingar Íslands. TR sinnir m.a. afgreiðslu, þjónustu og upplýsingagjöf við viðskiptavinum Sí. Einnig þjónustar Tryggingastofnun Sjúkratryggingar á margan hátt s.s. varðandi bókhald, innkaup og upplýsingatæknipjónustu.

Aðalskrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins eru á Laugavegi 114 í Reykjavík, en að auki eru 23 umboðsskrifstofur TR hjá sýslumannsembættum utan Reykjavíkur.

### Hlutverk


Að framfylgja lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og lögum um málefni langveikra barna auk þess að sinna öðrum verkefnum sem stofnuninni er falið að framkvæma.

### Stefna

Að vera öflug og traust stofnun, ákvarða og greiða réttar tryggingabætur á réttum tíma, veita gagnlegar upplýsingar og ráðgjöf til almennings, annast eftirlit með málefnum sem TR eru falin samkvæmt lögum á faglegan, öruggan og hagkvæman hátt.

### Gildi

- TRAUST – Að vera fagleg og áreiðanleg í störfum okkar.
- SAMVINNA – Að vinna saman að því að mæta ólíkum þörfum viðskiptavina.
- METNAÐUR – Að sýna frumkvæði, og beina kröftum okkar og þekkingu að því að gera sífellt betur.





## **Framtíðarsýn**

Að vera nútímaleg þjónustustofnun sem gegnir lykilhlutverki í velferðarkerfi Íslands.

## **Leiðarljós**

- Að standa vörð um íslenska velferðakerfið.
- Að sýna frumkvæði og efla umræðu um almannatryggingar til að þróa velferðarkerfið og skilvirkni þess, í samvinnu við hagsmunaaðila.
- Að vera stjórnvöldum faglegur ráðgefandi um almannatryggingar og veita hagnýtar upplýsingar.
- Að veita viðskiptavinum okkar góða þjónustu og mæta ólíkum þörfum þeirra.
- Að vera eftirsóttur vinnustaður með gildin okkar, traust, samvinnu og metnað að leiðarljósi.

## **Ýmsar stefnur og reglur sem TR hefur sett sér**

Tryggingastofnun hefur sett sér ýmsar reglur og stefnur til að starfa eftir og má þar m.a. nefna eftirfarandi:

### **Siðareglur**

Siðareglur Tryggingastofnunar snúa að starfsmönnum stofnunarinnar og starfi þeirra með viðskiptavinum og samstarfsaðilum. Vísað er til öryggisstefnu TR og í starfsreglur og lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins vegna ábyrgðar og viðurlaga.

### **Starfsreglur**

Starfsreglur Tryggingastofnunar ríkisins eru almennar reglur sem starfsmenn TR skulu fylgja í starfi sínu ásamt atriðum er varða umgengni og góða starfshætti.

### **Mannauðsstefna**

Ýtarleg mannauðsstefna er hjá Tryggingastofnun.

### **Jafnréttisáætlun**

Jafnréttisáætlun og starfsmannastefna eru samræmdar og miða að því að gera stofnunina að góðum og eftirsóknarverðum vinnustað. Stjórnendur og starfsmenn bera ábyrgð á að gæta jafnréttis kynjanna innan Tryggingastofnunar.

### **Gæða- og upplýsingaöryggisstefna**


Tryggingastofnun leggur áherslu á að vernda þær upplýsingar sem hún vinnur með og varðveitir. Í þeim tilgangi hefur Tryggingastofnun innleitt stjórnkerfi upplýsingaöryggis í samræmi við staðalinn ÍST ISO 27001 og hefur þannig uppfyllt kröfur laga um meðferð og öryggi upplýsinga.

## Starfsmannayfirlit

	árslok 2009			árslok 2008		
	Samtals	konur	karlar	Samtals	konur	karlar
Fjöldi starfsmanna	117	70,9%	29,1%	125	71,2%	28,8%
Stöðugildi	107,4			116,7		
Meðalstarfsaldur	10,1	10,4	9,4	9,3	9,6	8,6
Meðallifaldur	45,9	46,3	45,1	44,8	45,3	43,4
Starfsmannavelta	12,0%			11,4%		
		BHM	Aðrir		BHM	Aðrir
Menntunarhlutfall:		57,3%	42,7%		59,2%	40,8%


**Tryggingastofnun  
Skipulag 2009**

Lífeyrismál eldri borgara og öryrkja,  
Starfsgetumat og endurhæfingarmál,  
aok annara velferðamála.



## Helstu verkefni sviða

### Þjónustu- og kynningarsvið

Þjónustuver  
Afgreiðsla, upplýsingar og ráðgjöf  
Kynningarmál  
Innri og ytri vefur  
Þjónusta við umboð

### Réttindasvið

Mat á réttindum, ákvörðun þeirra og úrræði  
Fjölskyldu- og barnamál  
Lífeyrismál eldri borgara og öryrkja  
Starfsgetumat/örorkumat  
Endurhæfingarmál  
Önnur velferðarmál  
Skipulag vinnu umboða og stuðningur við umboð

### Fjármála- og rekstrarsvið

Áætlanagerð  
Fjárhagseftirlit  
Bókhald og uppgjör  
Greiðslur  
Innheimta  
Launamál  
Rannsóknir og greining  
Rekstur

### Þróunarsvið

Árangursstjórnun  
Gæðamál  
Upplýsingaöryggi

Mannauðsmál  
Rafræn stjórnsýsla  
Þróunarverkefni

### Upplýsingatæknisvið

Innkaup vél- og hugbúnaðar  
Notendþjónusta  
Rekstur kerfa

Þróun hugbúnaðar  
Þróun upplýsingatækni

### Alþjóða- og stjórnsýslusvið

Milliríkjasamningar og eftirfylgni þeirra  
Ráðgjöf og aðstoð vegna lögfræðimálefna  
Ráðgjöf og aðstoð vegna stjórnsýslumála  
Ytra eftirlit

Samskipti við lögfræðinga og dómstóla vegna málaareksturs  
Samskipti við ÚRAL  
Þróun innra eftirlits

# Rekstur Tryggingastofnunar 2009

## Fjárlög 2009

Framlög til rekstrar Tryggingastofnunar fyrir árið 2009 samkvæmt fjárlögum voru 960,9 m.kr. Uppfærsla vegna launa nam 0,1 m.kr. á árinu en auk þess var framlag til rekstrar hækkað um 8,2 m.kr. vegna breytinga á tryggingagjaldi. Fjárheimildir ársins 2009 námu því alls 969,2 m.kr.

## Rekstrarafkoma Tryggingastofnunar

Á árinu 2009 voru tekjur Tryggingastofnunar 139,2 m.kr. og rekstrargjöld 1.108,3 m.kr. Gjöld að frádregnum tekjum voru því 969,1 eða 0,1 m.kr. undir framlagi ríkisins.


Breyting á tekjum og gjöldum milli ára skýrist fyrst og fremst af uppskiptingu Tryggingastofnunar og Sjúkratrygginga Íslands og samstarfssamningi þeirra á milli. Einnig má að hluta rekja lækkun gjalda til hagræðingaraðgerða en mikill ávinningur hefur náðst með endurskipulagningu t.a.m. í prentkostnaði og póstsendingum. Að auki er kostnaður vegna örorkumats færður á árinu 2009 á fjárlagalið lífeyristrygginga í stað reksturs TR.

Tryggingastofnun sér um ýmsa þjónustu fyrir Sjúkratryggingar Íslands. TR sinnir m.a. afgreiðslu, þjónustu og upplýsingagjöf við viðskiptavinum SÍ. Einnig þjónustar Tryggingastofnun Sjúkratryggingar á margan hátt s.s. varðandi bókhald, innkaup og upplýsingatækniþjónustu.

## Yfirlit rekstrarreiknings í m.kr.

Rekstrarliðir	Ár		Breyting	
	2009	2008	Fjárhæð	%
Laun	658,0	986,4	( 328,4)	( 33%)
Annar rekstrarkostnaður	388,9	542,0	( 153,1)	( 28%)
Stofnkostnaður	61,4	101,0	( 39,6)	( 39%)
<b>Samtals gjöld</b>	<b>1.108,3</b>	<b>1.629,4</b>	<b>( 521,1)</b>	<b>( 32%)</b>
Sértekjur	139,2	625,7	( 486,5)	( 78%)
<b>Gjöld að fráteknum tekjum</b>	<b>969,1</b>	<b>1.003,7</b>	<b>( 34,6)</b>	<b>( 3%)</b>
<b>Ríkisframlag</b>	<b>969,2</b>	<b>959,2</b>	<b>10,0</b>	<b>1%</b>
<b>Tekjuafgangur (halli)</b>	<b>0,1</b>	<b>( 44,5)</b>	<b>44,6</b>	<b>( 100%)</b>
Höfuðstóll	53,3	53,2	0,1	0%

**Skipting útgjalda eftir kostnaðarliðum:**



Launagjöld eru stærsti kostnaðarliður TR eða um 59% af rekstrarkostnaði.

Aðkeypt sérfræðipjónusta er um 16% af rekstrarkostnaði en þar er nánast eingöngu um að ræða tölvu- og kerfisfræðipjónustu. Póstburðagjöld, prentun og afnotagjöld skýra ríflega 70% af skrifstofu- og stjórnunarkostnaði.

## Um viðfangsefni Tryggingastofnunar

Á árinu 2009 námu útgjöld lífeyrstrygginga, félagslegrar aðstoðar og greiðslur til foreldra, skv. lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, samtals um 56 milljörðum króna. Það samsvarar til 7,2% af útgjöldum ríkis-sjóðs og 3,7% af vergri landsframleiðslu.

Útgjöld lífeyrstrygginga, félagslegrar aðstoðar og greiðslur til foreldra langveikra barna 1997-2009									
Milljónir króna á verðlagi hvers árs									
Ár	Lífeyris-tryggingar	Félagsleg aðstoð	Greiðslur til foreldra	Samtals	Hlutfallsleg skipting			Hlutfall af heildarútgj. þjóðhagsreikningi <sup>1)</sup>	Hlutfall af vergri landsframl. <sup>1)</sup>
					Lífeyris-tryggingar	Félagsleg aðstoð	Greiðslur til foreldra		
1997	14.786	4.019		<b>18.805</b>	78,6%	21,4%	8,8%	3,6%	
1998	16.063	4.551		<b>20.614</b>	77,9%	22,1%	8,5%	3,5%	
1999	17.534	4.910		<b>22.444</b>	78,1%	21,9%	8,4%	3,5%	
2000	20.090	5.435		<b>25.525</b>	78,7%	21,3%	8,9%	3,7%	
2001	19.936	5.823		<b>25.759</b>	77,4%	22,6%	7,8%	3,3%	
2002	22.191	6.240		<b>28.431</b>	78,1%	21,9%	7,9%	3,5%	
2003	26.122	7.057		<b>33.179</b>	78,7%	21,3%	8,6%	3,9%	
2004	29.249	6.082		<b>35.331</b>	82,8%	17,2%	8,6%	3,8%	
2005	30.899	6.148		<b>37.047</b>	83,4%	16,6%	8,5%	3,6%	
2006	33.126	6.364		<b>39.490</b>	83,9%	16,1%	8,1%	3,4%	
2007	37.873	6.861		<b>44.734</b>	84,7%	15,3%	8,1%	3,4%	
2008	43.610	7.902	72	<b>51.584</b>	84,5%	15,3%	0,1%	3,5%	
2009	46.298	9.607	91	<b>55.996</b>	82,7%	17,2%	0,2%	3,7%	

1) Hagstofa Íslands: Opinber útgjöld, VLF.

Auk greiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar, félagslega aðstoð og greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna annast Tryggingastofnun meðlagsgreiðslur samkvæmt barnalögum, greiðslur daggjaldastofnana skv. lögum nr. 125/1999 um málefni aldraðra ásamt greiðslum í þágu framkvæmdasjóðs aldraðra og ýmsa aðra sjóði.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu greiðsluflokkum Tryggingastofnunar og þeim meginreglum sem liggja til grundvallar ákvörðun um greiðslur. Það skal ítrekað að hér er einungis farið yfir meginreglurnar, en sú upptalning er engan veginn tæmandi enda fjölmargar undanþágur frá meginreglunum að finna í lögum sem ekki verður farið yfir hér. Ef þörf er á frekari upplýsingum um þau skilyrði sem uppfylla verður til að öðlast rétt til bóta skal vísað í viðkomandi lög og reglugerðir sem settar eru þeim til stuðnings.

### Lífeyrstryggingar

Lífeyrstryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, aldurstengdrar örorkuupp-bótar, tekjutryggingar, örorkustyrks og barnalífeyris. Almenna reglan um rétt einstaklings til bóta er að viðkomandi hafi verið búsettur hér á landi í tilskilinn tíma.

Rétt til ellilífeyris eiga þeir sem eru 67 ára og eldri og hafa verið búsettir hér á landi a.m.k. þrjú almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Fullur lífeyrir greiðist þeim sem hafa verið búsettir hér á landi í a.m.k. 40 ár en hlutfallslegur lífeyrir ef um skemmri búsetu er að ræða. Sjómenn geta hafið töku ellilífeyris við 60 ára aldur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um sjómennsku. Rétt til örorkulífeyris eiga þeir sem eru á aldrinum 16 til 67 ára og hafa verið búsettir hér á landi síðustu þrjú árin áður en umsókn er lögð fram eða í sex mánuði ef starfsorka var óskert er viðkomandi öðlaðist hér lögheimili. Réttur til örorkulífeyris myndast ef örorka er metin 75% til langframa vegna afleiðinga læknisfræðilegra viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar. Greiðslur elli- og örorkulífeyris eru tekjutengdar. Aldurstengd örorkuuppbót greiðist örorkulífeyrisþegum og miðast fjárhæð uppbótarinnar við þann aldur sem einstaklingur var í fyrsta sinn metinn 75% öryrki. Tekjutrygging er greidd lífeyrisþegum fari tekjur þeirra, aðrar en tilgreindar bætur, ekki umfram ákveðna upphæð á ári. Réttur til örorkustyrks myndast ef örorka er metin a.m.k. 50%. Sérstök uppbót til framfærslu er nýr bótaflokkur sem tók gildi 1. september 2008, hann tryggir elli- og örorkulífeyrisþegum lágmarksframfærslu á mánuði. Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 18 ára ef annað foreldri er látið eða er örorkulífeyrisþegi. Sömu reglur gilda um kjörbörn og stjúpbörn. Einnig er greiddur barnalífeyrir með ófeðruðum börnum og börnum ellilífeyrisþega.

Vistunarmál taka til greiðslna vegna vistmanna sem dvelja á dvalarheimilum, hjúkrunarheimilum/hjúkrunarrýmum eða eru í dagvistun. Hafi vistmenn, 67 ára og eldri, tekjur umfram ákveðna lágmarksupphæð þurfa þeir að greiða með sér fyrir vistunina. Kostnaðarpátttaka er þó aldrei hærri en sem nemur daggjöldum á dvalarheimilum. Tryggingastofnun sér um að reikna út þátttöku vistmanna í dvalargjaldi. Greitt er vistunarframlag vegna vistmanna á dvalarheimilum fyrir aldraða. Við útreikning á vistunarframlagi er reiknað út hver kostnaðarpátttaka vistmanns á að vera samkvæmt tekjum og síðan greiðir TR það sem upp á vantar sem vistunarframlag. Dvalarheimilin innheimta síðan hjá vistmönnum þeirra hlut í vistgjaldi. Vegna vistmanna á hjúkrunarheimilum/hjúkrunarrýmum er greitt fullt daggjald fyrir hvern vistmann. Heimilin innheimta hjá vistmönnum þeirra hlut í vistgjaldi og endurgreiða þá upphæð til TR enda hefur TR greitt fullt gjald fyrir hvern vistmann. Greitt er daggjald vegna dagvistunar fyrir aldraða. Sama daggjald gildir fyrir allar slíkar dagvistir. Þeir sem þjónustuna nýta greiða fast gjald fyrir hvern dag, óháð tekjum, og greiðir TR mismuninn upp í fullt daggjald. Þá er greitt daggjald vegna sérhæfðrar dagvistar. Sérhæfðar dagvistir eru ekki allar með sama daggjald. Að öllu jöfnu er aðeins greitt fyrir virka daga en þó fær einstaka dagvistun greitt fyrir alla daga. Með greiðslur fer samkvæmt reglugerð um daggjöld stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum.

## Annáll 2009

### Breytingar á lögum og reglugerðum

#### Lífeyristryggingar, félagsleg aðstoð og málefni aldraðra

##### Lög:

**Lög nr. 40/2009** um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar. Löggin kveða á um fjárhagsaðstoð til líffæragjafa meðan þeir geta hvorki stundað vinnu né nám vegna líffæragjafar. Löggin taka gildi 1. janúar 2010.

**Lög nr. 70/2009** um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Löggin kveða á um breytingar á almannatryggingalögum: Lífeyrissjóðstekjur hafa nú áhrif á útreikning elli- og örorkulífeyris. Aldurstengd örorkuuppbót tekur nú mið af tekjum með sama hætti og örorkulífeyrir. Skerðingarhlutfall tekjutryggingar hækkar úr 38,35% í 45% skv. bráða-birgðaákvæði sem gildir 1. júlí 2009 - 31. desember 2013. Frítekjumark atvinnutekna við útreikning tekjutryggingar breytist þannig að heimild til að telja 60% af atvinnutekjum til tekna fellur niður. Frítekjumark atvinnutekna vegna ellilífeyris lækkar úr 1.315.200 kr. á ári í 480.000 kr. á ári og nýtt frítekjumark á lífeyrissjóðstekjur ellilífeyrisþega vegna útreiknings tekjutryggingar er 120.000 kr. á ári.

Einnig er gerð breyting á lögum um málefni aldraðra þess efnis að frítekjumark vistmanns vegna atvinnutekna við útreikning vistunarframlags lækkar úr 1.315.200 kr. á ári í 480.000 kr.

Loks eru lög um uppbót á eftirlaun nr. 84/2008 felld brott að loknum greiðslum sem byggðust á tekjum ársins 2007, þ.e. frá 1. ágúst 2009. Löggin tóku gildi 1. júlí 2009.

**Lög nr. 120/2009** um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um Ábyrgðasjóð launa, lögum um fæðingar- og foreldraorlof, lögum um málefni aldraðra og lögum um húsnæðismál, með síðari breytingum.

Löggin kveða á um breytingar á almannatryggingalögum: Rýmkun á valdsviði úrskurðarnefndar almannatrygginga þannig að ágreiningur um allar greiðslur skv. lögnum og endurreikning þeirra heyrir nú undir nefndina. Lágmarksaldur vegna örorkulífeyris hækkar úr 16 í 18 ára aldur. Innheimta bóta er einfölduð með því að ofgreiðslur verða aðfararhæfar. Skuldajöfnunarheimild er víkkuð þannig að tekið er tillit til þess að fleiri þættir en breyttar tekjur geta haft ofgreiðslu í för með sér. Heimilað er að ákvarða vexti af ofgreiðslum sem tekur lengri tíma en 12 mánuði að innheimta.

Einnig eru breytingar á lögum um félagslega aðstoð: Heimild til greiðslu tvöfalds barnalífeyris vegna náms ef báðir foreldrar eru lífeyrisþegar eða látnir. Breytingar eru gerðar á ákvæðinu um endurhæfingarlífeyri þar sem hámarkstímabil greiðslna er m.a. lengt úr 18 mánuðum í 36 mánuði. Skilyrði um að eingöngu tryggingalæknir meti þörf fyrir umönnunargreiðslur er afnumið. Reglur um tímabil sem þarf að líða á milli veitingar uppbótar eða styrks vegna kaupa á bifreið eru lögfestar.

Í lögum um málefni aldraðra er orðalagsbreyting varðandi innheimtu á hlut vistmanns í dvalarkostnaði og framlengingu á ákvæði um samanburðarreglu við útreikning kostnaðarþátttöku vistmanna. Löggin taka gildi 1. janúar 2010.



**Lög nr. 122/2009** um breytingu á lögum nr. 113/1994, um eftirlaun til aldraða, með síðari breytingum. Lögin kveða á um að Tryggingastofnun komi í stað Umsjónarnefndar eftirlauna. Lögin taka gildi 1. janúar 2010.

**Lög nr. 128/2009** um tekjuöflun ríkisins. Lögin kveða á um breytingar á tekjuskattslögum nr. 90/2003 sem hafa í för með sér að um mismunandi skattþrep í staðgreiðslu skatta getur verið að ræða við útborgun bóta. Breytingar hafa áhrif á útreikning kostnaðarpátttöku vistmanna. Lögin taka gildi 1. janúar 2010.

### **Reglugerðir:**

#### **Fjárhæðir bóta**

**Reglugerð nr. 1057/2009** um fjárhæðir bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2010. Fjárhæðir breytast ekki frá árinu 2009. Reglugerðin tekur gildi 1. janúar 2010.

**Reglugerð nr. 1100/2009** um fjárhæðir greiðslna og frítekjumarks fyrir árið 2010 samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Fjárhæðir breytast ekki frá árinu 2009. Reglugerðin tekur gildi 1. janúar 2010.

#### **Breyting frítekjumarka**

**Reglugerð nr. 633/2009** um breytingu á reglugerð nr. 1190/2008 um fjárhæðir frítekjumarka (tekjumarka) almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar. Með reglugerðinni er frítekjumörkum breytt til samræmis við lög nr. 70/2009. Reglugerðin tók gildi 20. júlí 2009.

**Reglugerð nr. 634/2009** um (4.) breytingu á reglugerð nr. 1112/2006 um stofnanapjónustu fyrir aldraða. Með reglugerðinni er frítekjumörkum vistmanna breytt til samræmis við lög nr. 70/2009. Reglugerðin tók gildi 20. júlí 2009.

**Reglugerð nr. 1055/2009** um fjárhæðir frítekjumarka (tekjumarka) almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2010. Frítekjumörkum er ekki breytt frá árinu 2009. Reglugerðin tekur gildi 1. janúar 2010.

#### **Styrkir og uppbætur til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða**

**Reglugerð nr. 170/2009** um styrki og uppbætur til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða. Reglugerðin kveður á um að fjárhæðir uppbóta og bifreiðastyrkja hækka. Auk þess er heimild til úthlutunar hærri styrkja rýmkuð. Reglugerðin tók gildi 16. febrúar 2009.

#### **Orlofs- og desemberuppbót**

**Reglugerð nr. 1014/2009** um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 2010. Reglugerðin kveður á um 20% orlofsuppbót í júlí 2010 og 30% desemberuppbót í desember 2010. Fjárhæð uppbótanna reiknast út frá tekjutryggingu og heimilisuppbót lífeyrisþega. Reglugerðin tekur gildi 1. janúar 2010.

### **Daggjöld stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum**

**Reglugerð nr. 1080/2009** um daggjöld hjúkrunarheimila og annarra sérhæfðra vistunarstofnana árið 2010. Reglugerðin tekur gildi 1. janúar 2010.

Reglugerð nr. 1091/2009 um daggjöld dvalarheimila og dagvista og húsnæðisgjald vegna viðhalds öldrunarstofnana fyrir árið 2009. Reglugerðin tekur gildi 1. janúar 2010.

### **Útreikningur, endurreikningur og uppgjör tekjutengdra bóta og vistunarframlags**

**Reglugerð nr. 598/2009** um útreikning, endurreikning og uppgjör tekjutengdra bóta og vistunarframlags. Helstu breytingar eru að lágmarksfjárhæð ofgreiðslu sem verður innheimt er lækkuð úr 20.000 kr. í 1.000 kr. og að ákvæði um að ofgreiðsla sé ekki dregin af grunnlífeyri er afnumið. Reglugerðin tók gildi 9. júlí 2009.

**Reglugerð nr. 1056/2009** um (1.) breytingu á reglugerð nr. 598/2009 um útreikning, endurreikning og uppgjör tekjutengdra bóta og vistunarframlags. Lágmarksfjárhæð endurgreiðslu er tilgreind 3.000 kr., tekjuviðmiðsfjárhæð sleppt og kveðið er á um heimild til að falla frá kröfu um vexti í ákveðnum tilvikum. Reglugerðin tók gildi 29. desember 2009.

### **Heimilisuppbót og uppbætur á lífeyri**

**Reglugerð nr. 1052/2009** um heimilisuppbót og uppbætur á lífeyri. Reglugerð um heimilisuppbót var endurútgefin og uppfærð miðað við nógildandi lög. Reglugerðin tekur gildi 1. janúar 2010.

### **Meðlagsgreiðslur og önnur framfærsluframlög**

**Reglugerð nr. 945/2009** um framkvæmd meðlagsgreiðslna og önnur framfærsluframlög. Reglugerðin er nýmæli og fjallar nánar um framkvæmd meðlagsgreiðslna. Reglugerðin tók gildi 27. nóvember 2009.

### **Réttindi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar**

**Reglugerð nr. 975/2009** um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar. Reglugerðin er um nánari framkvæmd nýrra laga um lifandi líffæragjafa. Reglugerðin tekur gildi 1. janúar 2010.

### **Evrópusambandið**

**Reglugerðir nr. 29/2009, 420/2009, 503/2009, 524/2009, 833/2009 og 994/2009** um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um almannatryggingar. Reglugerðirnar staðfesta reglugerðir Evrópusambandsins.

### **Brottfall reglugerða**

**Reglugerð nr. 618/2009** um brottfellingu reglugerðar nr. 939/2003 um útreikning, endurreikning og uppgjör tekjutengdra bóta og vistunarframlags frá Tryggingastofnun ríkisins, með síðari breytingum. Reglugerðin tók gildi 16. júlí 2009.

# Lífeyristryggingar 2009

**Tafla 1.1 Viðskiptavinir lífeyristrygginga og íbúafjöldi 1992-2009**
*Number of recipients in social security pension schemes and population 1992-2009*

Ár	Viðskiptavinir	Íbúafjöldi	Hlutfall
Year	Number of recipients	Population	Ratio
1992	45.665	262.193	17,4%
1993	46.937	264.919	17,7%
1994	47.180	266.783	17,7%
1995	48.081	267.806	18,0%
1996	48.210	269.727	17,9%
1997	49.423	272.069	18,2%
1998	53.762	275.264	19,5%
1999	57.720	278.717	20,7%
2000	58.500	282.845	20,7%
2001	64.009	286.275	22,4%
2002	66.010	288.201	22,9%
2003	68.542	290.570	23,6%
2004	70.608	293.577	24,1%
2005	71.503	299.891	23,8%
2006	72.242	307.672	23,5%
2007	62.601	315.459	19,8%
2008 <sup>2)</sup>	63.807	319.368	20,0%
2009 <sup>1)</sup>	64.470	317.630	20,3%

Skýringar:

Fjöldi viðskiptavina allt árið. Ný lög um fæðingarorlof tóku gildi 1. janúar 2001. Fjöldi foreldra í fæðingarorlofi eru meðtaldir árið 2006, þó greiðslur til foreldra falli ekki lengur undir lífeyristryggingar, en Tryggingastofnun (TR) hafði áfram umsjón með greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði úr árið 2006.

1) Af þeim 64.470, sem fengu greiðslur á árinu 2009, fengu 7.340 eingöngu meðlagsgreiðslur. Þá fengu 52.180 eingöngu greiðslur úr lífeyristryggingum og/eða skv. lögum um félagslega aðstoð, en auk þess fengu 4.950 greiðslur úr báðum flokkum. Greiðsluþegar lífeyristrygginga og/eða skv. lögum um félagslega aðstoð eru því samtals 57.130 á árinu 2009.

2) Tryggingastofnun sér um framkvæmd laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006, og eru þeir sem þiggja greiðslur skv. lögum í þessari töflu taldir með greiðsluþegum sem þiggja greiðslur skv. lögum um félagslega aðstoð.


Heimild: Hagstofa Íslands, mannfjöldi.

Notes:  
Number of recipients 1/1-31/12. New legislation on parental leave came into force on 1. January 2001. Number of parents on parental leave is included 2006, although the parental allowances are no longer part of the pension scheme. However Tryggingastofnun (Social Insurance Administration) here after referred to as TR is still in charge of the new parental benefit system through 2006.

1) Of the 64,470, recipients of payments 2009 from TR, 7,340 received only child support. 52,180 received social security benefits or benefits based on the law on welfare affairs in addition received 4,950 payment based on both schemes. Total number of recipients of social security benefits or benefits based on the law on welfare affairs is 57,130 during the year 2009.

2) Minister of Social affairs has decided that TR implements the act on payments to parents of chronically ill or severely disabled children, no. 22/2006. Recipients according to this act are in this table counted with recipients of welfare affairs benefits.

Source: Statistics Iceland, population.

**Viðskiptavinir lífeyristrygginga og mannfjöldi, vísitala 1997=100**
*Population and number of recipients in social security pension schemes, index 1997=100*


**Tafla 1.2 Útgjöld lífeyristrygginga, félagsleg aðstoð og greiðslur til foreldra 1994-2009, millj. kr.**  
*Expenditure in the social security system 1994-2009, million ISK*

Ár Year	Lífeyristryggingar Pension, invalidity and other benefits	Félagsleg aðstoð Welfare affairs	Greiðslur til foreldra <sup>1)</sup> Parental payments	Samtals Total
1994	12.502	3.662		16.164
1995	13.233	3.859		17.092
1996	13.881	3.703		17.584
1997	14.786	4.019		18.805
1998	16.063	4.551		20.614
1999	17.534	4.910		22.444
2000	20.090	5.435		25.525
2001	19.936	5.823		25.759
2002	22.191	6.240		28.431
2003	26.122	7.057		33.179
2004	29.249	6.082		35.331
2005	30.899	6.148		37.047
2006	33.126	6.364		39.490
2007	37.873	6.861		44.734
2008	43.610	7.902	72	51.584
2009	46.298	9.607	91	55.996

Skýringar:

Ný lög um fæðingarorlof tóku gildi 1. janúar 2001 en þá féll niður greiðsluskylda lífeyristrygginga í þeim bótaflokki sem útskýrir lækkun útgjalda milli 2000 og 2001.


1) Lög um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006.

Notes:

From 2001 parental leave benefits are not included in pension, invalidity and other benefits due to the new law on parental leave that came into force 1. January 2001. This change explains the lower expenditure in 2001 compared with the year 2000.

1) Act on payments to parents of chronically ill or severely disabled children, No. 22/2006.

**Útgjöld lífeyristrygginga, félagsleg aðstoð og greiðslur til foreldra sem hlutfall af gjöldum hins opinbera 2003-2009**  
*Expenditure in the social security system as a percentage of government expenditure 2003-2009*



**Tafla 1.3 Lífeyrisþegar, greiðslur lífeyristrygginga, félagsleg aðstoð og greiðslur til foreldra 2005-2009**  
*Recipients of social security benefits and expenditures 2005-2009*

	Fjöldi bótaþega í desember Recipients in December				Ársútgjöld í millj. kr. Yearly expenditure in mill. ISK					
	2005	2006	2007	2008	2009	2005	2006	2007	2008	2009
<b>Lífeyristryggingar</b>										
Elilífeyrir	26.692	26.938	27.397	27.925	25.266	6.835	7.343	7.830	8.594	8.617
Örorkulífeyrir	12.755	13.230	13.616	14.103	14.507	3.318	3.679	3.976	4.409	4.982
Aldurstengd örorkuuppbót	12.686	13.167	13.541	14.011	14.417	1.208	1.363	1.498	1.779	2.155
Tekjutrygging elilífeyrisþega	22.335	22.120	23.957	24.346	21.929	9.724	10.212	13.367	14.456	13.534
Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	11.679	12.068	12.543	13.734	14.282	5.549	6.120	8.258	10.999	13.571
Tekjutryggingaráuaki ellilífeyrisþega <sup>1)</sup>	7.686	7.330	...	...	...	852	788	...	...	...
Tekjutryggingaráuaki örorkulífeyrisþ. <sup>1)</sup>	4.824	5.048	...	...	...	810	873	...	...	...
Vasapeningar ellilífeyrisþega	1.692	1.610	1.631	1.584	1.318	283	281	360	375	142
Vasapeningar örorkulífeyrisþega	233	210	220	209	180	55	54	66	75	59
Örorkustyrkur	797	765	668	651	719	155	148	131	145	184
Barnalífeyrir (fjöldi framferenda)	5.327	5.441	5.537	5.722	5.954	1.951	2.069	2.186	2.455	2.727
Annað:	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Læknisvottorð	...	...	...	...	...	15	11	21	20	21
Vinnusamningur öryrkja	...	...	...	...	...	144	185	179	302	261
Matsgerðir lækna <sup>5)</sup>	...	...	...	...	...	...	...	...	...	44
<b>Samtals lífeyrisgreiðslur</b>	<b>30.899</b>	<b>33.126</b>	<b>37.873</b>	<b>43.610</b>	<b>46.297</b>	<b>30.899</b>	<b>33.126</b>	<b>37.873</b>	<b>43.610</b>	<b>46.297</b>
<b>Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð</b>										
Mæðra- og feðralaun (fjöldi framferenda)	3.491	3.225	3.132	2.989	2.871	300	290	303	314	334
Umönnunargreiðslur (fjöldi framferenda)	2.034	2.000	2.111	2.203	2.200	965	1.015	1.155	1.351	1.483
Maka- og umönnunarbætur	125	125	130	135	127	81	92	143	164	169
Dánarbætur	181	162	171	175	200	46	45	50	57	63
Endurhæfingarlífeyrir	807	856	942	1.137	1.240	796	918	1.092	1.585	1.964
Barnalífeyrir v/menntun	389	385	373	378	424	95	91	92	105	123
Heimilisuppbót	11.968	11.987	12.485	12.847	12.188	2.325	2.391	2.479	2.693	2.864
Frekari uppþætur	6.059	5.736	5.355	3.394	3.364	679	690	676	663	445
Sérstök uppþót til framfærslu <sup>2)</sup>	...	...	...	...	8.741	66	1.026	...	...	...
Uppþætur v/reksturs bifreiða	6.923	6.975	6.790	6.650	6.356	684	726	752	806	846
Uppþætur v/bifreiðakaupa <sup>4)</sup>	658	421	465	383	506	176	106	118	98	292
<b>Samtals félagslegar greiðslur</b>	<b>6.148</b>	<b>6.364</b>	<b>6.861</b>	<b>7.902</b>	<b>9.607</b>	<b>6.148</b>	<b>6.364</b>	<b>6.861</b>	<b>7.902</b>	<b>9.607</b>
<b>Bætur skv. lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna<sup>3)</sup></b>										
Greiðslur til foreldra	...	...	...	42	56	...	...	...	72	91
<b>Samtals greiðslur til foreldra</b>	<b>37.047</b>	<b>39.490</b>	<b>44.734</b>	<b>51.584</b>	<b>55.995</b>	<b>37.047</b>	<b>39.490</b>	<b>44.734</b>	<b>51.584</b>	<b>55.995</b>
<b>Alls</b>										
	<b>2005</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>					
Barnalífeyrir	8.549	8.706	8.702	8.927	9.203					
Mæðra- og feðralaun	7.927	7.349	7.109	6.775	6.502					
Umönnunargreiðslur	2.661	2.629	2.704	2.833	2.883					

Skýringar:

Uppbætur v/bifreiðakaupa, fjöldi barna umönnunargreiðslna og bætur skv. lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna eru fjöldaðólur fyrir allt árið. Vismenn dvalarheimila eru ekki meðtaldir í fjöldaólum frá og með 1. janúar 2004. Jafnframt voru útgjöld v/vistmanna dvalarheimila millifærð yfir á fjárlagaliði dvalarheimila.

Í árslok 2004 var í fyrsta sinn framkvæmt uppgjör bóta skv. l. 74/2002. Uppgjör vegna bóta fyrra árs eru bókfærð ári seinna.

Árið 2005 var greidd kjarauppbót, eingreiðsla, til elli-, örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega skv. reglugerð nr. 1020/2005. Á tímabilinu 1. júlí til 31. desember 2006 var greidd sérstök viðbót skv. reglugerð nr. 640/2006.

1) Í ársbyrjun 2007 er tekjutryggingarauki felldur niður skv. lögum nr. 166/2006.

2) Frá 1. september 2008 er greidd sérstök uppbót til framfærslu lífeyrisþega skv. reglugerð nr. 878/2008.

3) Lög um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006.

4) Bifreiðastyrkir voru á árinu 2009 færðir undir bætur skv. lögum um félagslega aðstoð en féllu áður undir sjúkratryggingar.

5) Matsgerðir lækna voru á árinu 2009 færðar undir lífeyristryggingar en tilheyru áður rekstri Tryggingastofnunar.

Notes:

Number of children with home-care payments, number of motor vehicle grants and payment in accordance with the act on payments to parents of chronically ill or severely disabled children are counted over the whole year. Persons residing within retirement homes are not counted in the numbers of recipients as of 1. January 2004. Expenditure regarding persons residing within retirement homes was transferred to the retirement homes expenditure.

At the end of 2004 a benefits payoff was implemented according to act 74/2002. Benefits payoff for former year are transferred to next year.

In 2005 an additional retirement pension supplement and an additional invalidity and rehabilitation pension supplement were paid out, lump sum payments, according to regulation no. 1020/2005. According to regulation no. 640/2006 special additional pension were paid from 1. July 2006 until 31. December 2006.

1) By Act no. 166/2006 additional pension supplement ceased to exist 31. December 2006.

2) As of 1. september 2008 is paid special supplement to pensioners, in accordance with regulation no. 878/2008.

3) Act on payments to parents of chronically ill or severely disabled children, no. 22/2006.

4) Motor vehicle grants were in 2009 transferred under benefits by the law on social assistance from benefits of the law of health insurance.

